

### **95-ára reglan**

Þeir sjóðfélagar sem hefja greiðslu iðgjalda til sjóðsins yngri en 33 ára geta tekið lífeyri samkvæmt svokallaðri 95 ára reglu. Þau skilyrði sem uppfylla þarf eru eftirfarandi:

- a) samanlagður aldur og iðgjaldagreiðslutími séu 95 ár. Þessu marki þarf vera náð fyrir 64 ára aldur.
- b) sjóðfélagi þarf að vera orðinn 60 ára.
- c) sjóðfélagi þarf að vera hættur störfum.

Sjóðfélagi sem velur þessa reglu þarf að greiða til sjóðsins þar til 95 ára markinu er náð. Lífeyrisréttur hans er 2% fyrir hvert ár í fullu starfi en þó ekki hærrí en 64% við 95 ára markið. Eftir að 95 ára markinu er náð fellur iðgjaldagreiðsla niður, en sjóðfélagi bætir við sig 2% lífeyrisrétt fyrir hvert ár í fullu starfi.

Þegar sjóðfélagi hefur greitt iðgjald til sjóðsins í 32 ár falla iðgjaldagreiðslur hans af dagvinnulaunum, persónuuppbót og orlofsuppbót niður. Þó er sjóðfélagi, er gegnt hefur um lengri eða skemmri tíma hlutastarfi, heimilt að greiða áfram iðgjald til sjóðsins af dagvinnulaunum sínum allt að því marki að jafngildi iðgjaldagreiðslu af launum fyrir fullt starf í 32 ár. Sjóðfélagi, sem kys að taka lífeyri samkvæmt 95 ára reglunni, þarf að greiða áfram að 95 ára markinu. Þó að iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga falli niður vegna greiðslutíma í 32 ár eða skv. 95 ára reglunni, á að greiða áfram iðgjald til B-deildar af vaktaálagi. Eftir að iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga falla niður skv. framansögðu greiðir launagreiðandi 12% iðgjald til sjóðsins af sömu launum.

### ***Hvað verður um þessi réttindi ef ríkisstofnun er hf-uð áður en hver og einn nær fullum réttindum?***

Farið er með starfið eins og það sé lagt niður, en jafnframt sótt um áframhaldandi aðild að sjóðnum. Slík beiðni fer fyrir stjórn til samþykktar. Aðildin bundin við sjóðfélaganum sjálfum en ekki atvinnurekanda og því er það samningsatriði launagreiðanda og sjóðfélaga um hvort atvinnurekandi greiðir til LSR. Náist ekki samkomulag við atvinnurekanda að greiða fyrir sjóðfélagi áfram í B-deild LSR hefur sjóðfélagið það val að greiða jafnframt sjálfur í sjóðinn samhliða lífeyrisgreiðslum í annan lífeyrissjóð, þ.e. bæði 4% og 8%, en greiðir þá skatta af þeim iðgjöldum. Í B-deild LSR þá ber sjóðfélagi ábyrgð á því að iðgjöldum sé skilað.

Ef greiðslum er hætt þá mun sjóðfélagi eiga þessi réttindi inni. Þegar réttindi eru tekin þá eru þau framreiknuð út frá réttindaprósentu, áunnum réttindinum og viðmiðunarlaunin (síðustu laun).

### ***Hvað má ráðningarsamband slítna lengi til að menn hætti að vinna sér inn réttindi einkum m.a. með tilliti til 95 ára reglunnar?***

Svo fremi sem sjóðfélagi hefji aftur starf sem veitir honum rétt til aðildar að deildinni eigi síðar en 12 mánuðum frá því að iðgjaldagreiðslur féllu niður. Í þeim tilvikum sem formlegu ráðningarsambandi hefur ekki verið slitið t.d. launalaust leyfi, heldur sjóðfélagi aðild sinni að B-deildinni þó iðgjaldagreiðslur falli niður í lengri tíma en 12 mánuði.

Falli iðgjaldagreiðsla sjóðfélaga niður lengur en í 12 mánuði hefur hann ekki rétt til áframhaldandi aðildar að B-deild. Hafi hins vegar iðgjaldagreiðslur fallið niður í lengri tíma en 12 mánuði, án þess þó að formlegu ráðningarsambandi starfsmanns og launagreiðanda hafi verið slitið, er heimilt að greiða iðgjald til B-deildar. Til að uppfylla aðildarskilyrði þarf starfsmaðurinn að vera ráðinn í að minnsta kosti 50% starf með minnst þriggja mánaða uppsagnarfresti. Ef um tímabundna ráðningu er að ræða má ráðningin ekki vera til skemmri tíma en eins árs. Þeir sem misst hafa aðild að B-deild eða eru nýir sjóðfélagar greiða til A-deildar.

### ***Hvað verður um makalífeyri?***

Ef sjóðfélagi andast á eftirlifandi maki rétt á makalífeyri. Upphæð makalífeyris úr B-deild sjóðsins er helmingur af áunnum ellilífeyrisrétti hins látna sjóðfélaga. Makalífeyrir hækkar um 20% af launum þeim er lífeyrisrétturinn miðast við ef hinn látni sjóðfélagi hefur verið í fullu starfi við starfslok, en hlutfallslega lægri ef sjóðfélaginn hefur verið í lægra starfshlutfalli við starfslok. Skilyrði þessarar viðbótar eru að hinn látni sjóðfélagi uppfylli eitt af eftirgreindum skilyrðum:

- a) verið í starfi er veitti honum aðild að sjóðnum við andlátíð,
- b) verið byrjaður að taka lífeyri fyrir andlátíð og upphaf lífeyristöku hans hafi verið í beinu framhaldi af starfi sem veitti honum aðild að deildinni,
- c) hafði greitt iðgjald til sjóðsins af fullu starfi í 15 ár eða lengur og ekki greitt iðgjald til annars lífeyrissjóðs eftir að greiðslum til þessa sjóðs lauk.

Makalífeyrir frá B-deild sjóðsins er greiddur svo lengi sem eftirlifandi maki er á lífi en fellur niður gangi makinn í hjónaband að nýju.

### ***Dæmi:***

Hinn látni hafði greitt í sjóðinn í 25 ár og áunnið sér 50% lífeyrisrétt. Makinn fær helming af þeim rétti + 20% sem gera samtals 45%. Hafi hinn látni greitt í sjóðinn í 25 ár en hætt og farið að greiða annað er réttur maka hins vegar 25%.

### ***Barnalífeyrir***

Börn og kjörbörn látinna sjóðfélaga og börn og kjörbörn elli- og örorkulífeyrisþega eiga rétt á barnalífeyri til 18 ára aldurs. Sama gildir um fósturbörn sem sjóðfélagi framfærði að mestu eða öllu leyti. Barnalífeyrir frá B-deild sjóðsins er kr. 8.013.

### ***Makalífeyrir í A-deild:***

Eftirlifandi maki sjóðfélaga, sem naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum eða greitt hafði iðgjald til hans a.m.k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum á rétt á lífeyri. Óvígð sambúð og staðfest samvist veitir sama rétt til makalífeyris og hjúskapur. Fjárhæð makalífeyris fer eftir þeim réttindum sem sjóðfélaginn hafði áunnið sér. Við útreikning á makalífeyri er samanlagður stigafjöldi hins látna sjóðfélaga margfaldaður með 0,95 í stað margföldunar með 1,9 við útreikning á ellilífeyri.

Auk áunnins réttar sjóðfélagans er reiknað með þeim réttindum sem sjóðfélaginn hefði áunnið sér hjá sjóðnum ef hann hefði greitt iðgjald til 65 ára aldurs. Við framreikning réttinda samkvæmt þessu er miðað við greiðslur til sjóðsins síðustu þrjú ár fyrir slys eða sjúkdóm. Við mat á iðgjaldagreiðslutíma er tekið tillit til iðgjalda sem greidd hafa verið til annarra lífeyrissjóða sem aðild eiga að samkomulagi sem flestir lífeyrissjóðir hafa gert með sér. Fullur makalífeyrir er alltaf greiddur að lágmarki í 36 mánuði og 50% makalífeyrir í 24 mánuði til viðbótar.

Láti sjóðfélagi eftir sig eitt barn eða fleiri innan 22 ára aldurs, sem hann hefur átt með eftirlifandi maka sínum, er fullur makalífeyrir greiddur fram að 22 ára aldri yngsta barnsins, enda sé það á framfæri makans.

Jafnframt er greiddur fullur makalífeyrir ótímabundið þegar eftirlifandi maki er a.m.k. 50% öryrki og yngri en 67 ára við fráfall sjóðfélagsins.

Réttur til makalífeyris fellur niður ef makinn gengur í hjónaband á ný eða stofnar til sambúðar sem jafna má til hjúskapar.

ATH. Grundvallarfjárhæð sbr. skýringardæmi hér að neðan er kr. 50.000.

Gerum ráð fyrir einstaklingi með 100.000 kr. mánaðarlaun, að grundvallarfjárhæð sé 50.000 kr. á mánuði og að þessar fjárhæðir haldist óbreyttar frá því greiðslur hefjast og fram að töku lífeyris, þ.e. að verðbólga sé engin.

Sjóðfélagi byrjar iðgjaldgreiðslur til A-deildarinnar við 40 ára aldur. Hann greiðir ætíð af launum sem eru jöfn tvöfaldri grundvallarfjárhæð. Heildarlaun sjóðfélagsins eru því 100.000 kr. á mánuði. Sjóðfélaginn öðlast samkvæmt þessu 2 stig fyrir hvert ár sem hann greiðir til sjóðsins.

Falli þessi sjóðfélagi frá við 50 ára aldur, hefur hann greitt iðgjald til sjóðsins í 10 ár. Hann hefur þá öðlast 20 stig hjá sjóðnum. Við útreikning makalífeyrisréttar er til viðbótar áunnum stigum reiknuð stig sem sjóðfélaginn hefði öðlast ef hann hefði greitt iðgjald til 65 ára aldurs. Vegna framreiknings samkvæmt þessu í 15 ár reiknast 30 stig. Samtals er því reiknað með 50 stigum við ákvörðun makalífeyris. Þessi stigafjöldi er margfaldaður með 0,95 þannig að réttur eftirlifandi maka verður 47,5% af grundvallarlaunum eða 23.750 kr. á mánuði, sem er 23,75% af þeim 100.000 kr. launum sem hér er miðað við.

Fullur makalífeyrir samkvæmt þessu, þ.e. 23.750 kr. á mánuði, verður greiddur að lágmarki í þrjú ár og helmingur af þeirri fjárhæð eða 11.875 kr. á mánuði í tvö ár til viðbótar. Fullur makalífeyrir er þó alltaf greiddur þar til yngsta barn á framfæri makans verður 22 ára, einnig ef makinn er öryrki eða ef maki sjóðfélaga er fæddur fyrir 1925.

### ***Hvað verður um biðlaunarétt starmanna – hvernig breytist hann?***

Þegar starf ríkisstarfsmanns er lagt niður og viðkomandi starfsmaður var jafnframt í starfi hjá ríkinu fyrir 1. júlí 1996 þá er möguleiki á því að starfsmaður eigi rétt á biðlaunum samkvæmt bráðabirgðaákvæði laga nr. 70 frá 1996.

Fari viðkomandi til starfa annars staðar en hjá ríkinu þá fellur biðlaunaréttur niður.

### ***Ef ríkisstofnun er hf-uð og selt einkaaðilum er þá hægt að vera áfram í B-hluta sjóðsins og hvernig er réttarávinnsla eftir það og hvaða réttindi vinnast og hvaða tapast?***

Já, sjóðsfélagi sækir um aðild að B deild lífeyrissjóðsins. Semur við atvinnurekanda að greiða til LSR, sé því hafnað þá getur sjóðfélagi alltaf séð sjálfur um að greiða iðgjald til sjóðsins, samhliða greiðslum í annan lífeyrissjóð eins og fram hefur komið hér að ofan.